

ÍSLANDSMÓTIÐ Í POOMSÆ

Íþróttahúsið Akurskóla í Keflavík

Laugardaginn 10. október

Skipulag

Mótshaldari:	Taekwondosamband Íslands	tki@tki.is
Umsjónaraðili:	Taekwondodeild Keflavíkur	

Tímasetningar

Dagsetning: 10. október 2015. Mótið hefst kl. 10:00. Ef fjöldi keppenda býður upp á slíkt, verður síðari keppnisdagur þann 11. október 2015 kl. 10:00 á sama stað. Slíkt verður auglýst strax að loknum skráningarfresti ef til kemur.

Staðsetning: Akurskóli
Tjarnarbraut 5
260 Reykjanesbær

<http://ja.is/kort/?q=Akursk%C3%B3li%2C%20Tjarnabraut%205&x=328053&y=390510&z=8&type=map>

Tímasetningar

Skráningarfrestur Laugardagur 3. október 2015 kl. 23:59.

Félög skulu senda inn eitt skráningarblað með upplýsingum um keppendur sem koma frá því félagi. Hvert félag ber ábyrgð á því að skráningar séu réttar. Á skráningarblaði þurfa að koma fram:

- Fullt nafn
- Kennitala
- Beltagráða
- Félag
- Í hvaða flokki (A, B eða C) viðkomandi keppir

Skila þarf in nöfnum þeirra sem keppa í para- og hópapoomsæ á þann hátt að ljóst sé hverjir keppa saman og í hvaða flokki (A eða B).

Röng eða ófullnægjandi skráning getur varða brottvísun úr keppni.

Ekki verður tekið við skráningum eftir að skráningarfrestur er liðinn.

Þátttökugjald	2.500 fyrir eina keppnisgrein 3.000 fyrir tvær keppnisgreinar 3.500 fyrir þrjár keppnisgreinar
---------------	--

Páttökugjald þarf að greiða inn á reikning TKÍ 515-26-50010, kt. 500103-2050, og senda kvittun á netfangið tki@tki.is fyrir kl. 20:00 miðvikudaginn 7. október 2015.

Birting forma Miðvikudagur 7. október kl. 20:00 á <http://www.tki.is>

Keppni Keppni hefst kl. 10:00 stundvíslega. Röð flokka verður eftirfarandi:

- Cadet C einstaklingar
- Junior C einstaklingar
- Senior C einstaklingar
- Cadet B einstaklingar
- Junior B einstaklingar
- Senior B einstaklingar
- Pör B
- Hópar B
- Cadet A einstaklingar
- Junior A einstaklingar
- Senior A einstaklingar
- Veteran 30+ A einstaklingar
- Veteran 40+ A einstaklingar
- Veteran 50+ A einstaklingar
- Veteran 60+ A einstaklingar
- Pör undir 30 A
- Pör yfir 30 A
- Hópar undir 30 A
- Hópar yfir 30 A

Keppnisupplýsingar

Gjaldgengi: Mótið er opið keppendum með 10. geup eða hærra og eru 12 ára eða eldri á keppnisári.

Ábyrgð: Keppendur eru á eigin ábyrgð á keppnisstað.

Dómarar: 5 dómarar á keppnisgólfi, hæsta og lægsta einkunn gildir ekki í meðaltali.

Keppnisreglur

Reglur: Nýjustu WTF reglur. Lágmarksfjöldi keppanda í flokki eru tveir.

Mótsstjórn er heimilt að sameina flokka í A og B flokkum sem ekki uppfylla skilyrði um lágmarksfjölda.

1. Fyrst skal sameinað á milli kynja í flokkum sem eru að öðru leyti eins.
2. Gangi það ekki skal síðan reyna sameiningu á milli A og B flokka.
3. Gangi það ekki skal sameina á milli aldursflokka

Ef flokkar með ólík möguleg form eru sameinaðir er dregið úr þeim formum sem gilda fyrir þann flokk sem kunna þarf færri form.

Keppendur í para- og hópa poomsae mega keppa upp fyrir sig í flokki, þ.e.a.s. rautt belti (B flokkur) má keppa í para- eða hópapoomsae með svartbeltingum (A flokki), en þá er viðkomandi par eða hópur skráð í A flokk.

Ekki verður sameinað við C flokk.

Tvískipting flokka: Ef fleiri en 8 eru í flokki skal keppt í fyrri umferð og 8 hæstu einkunnirnar halda áfram í úrslit. Sérstaklega verður dregið um form í fyrri umferð og úrslitum.

Stigakeppni félaga: 5 stig fyrir gull, 3 fyrir silfur, 1 fyrir brons. 1 stig fyrir hvern keppanda sem skráður er til leiks og keppir (ekki eru gefin stig fyrir sigur eða mætingu ef ekki er keppt).

Félög vinna sér inn stig fyrir keppni í A og B flokkum eingöngu sbr. ákvörðun formannafundar frá 2014.

Fjöldi forma: Allir keppendur gera 2 form (ef flokkum er tvískipt eru gerð 2 form í hvorri umferð). Ekki er heimilt að gera sama formið tvisvar í sömu umferð.

Flokkaskipting

Skipting í aldursflokka miðast við fæðingarár. Keppandi sem verður 18 ára á árinu keppir í undir 30 aldursflokki.

Tageuk	Form
1	Il Jang
2	Yi Jang
3	Sam Jang
4	Sah Jang
5	Oh Jang
6	Yook Jang
7	Chil Jang
8	Pal Jang
9	Koryo
10	Keumgang
11	Taebaek
12	Pyongwon
13	Sipjin
14	Jitae
15	Cheonkwon

A flokkur: 1 poom/Dan og hærra

Flokkur	Aldur	Form	Kyn
Cadet A	12 – 14 ára	4-5-6-7-8-9-10	Karla- og kvennaflokkar
Junior A	15 – 17 ára	4-5-6-7-8-9-10-11	
Senior A	18 – 30 ára	6-7-8-9-10-11-12-13	
Veteran 30+ A	31 – 40 ára	8-9-10-11-12-13-14-15	
Veteran 40+ A	41 – 50 ára	8-9-10-11-12-13-14-15	
Veteran 50+ A	51 – 60 ára	8-9-10-11-12-13-14-15	
Veteran 60+ A	61 árs og eldri	8-9-10-11-12-13-14-15	
Pör undir 30 A	12 – 30 ára	4-5-6-7-8-9-10	1 karl og 1 kona

Pör yfir 30 ára A	31 ára og eldri	6-7-8-9-10-11-12-13	<u>1 karl og 1 kona</u>
Hópar undir 30 ára A	12 – 30 ára	4-5-6-7-8-9-10	<u>Þrír karlar eða þrjár konur</u>
Hópar yfir 30 ára A	31 ára og eldri	6-7-8-9-10-11-12-13	<u>Þrír karlar eða þrjár konur</u>

KUP Categories
B flokkur 4. – 1. kup

Flokkur	Aldur	Form	Kyn
Cadet B	12 – 14 ára	4-5-6-7-8-9-10	Karla- og kvennaflokkar
Junior B	15 – 17 ára	4-5-6-7-8-9-10	
Senior B	18 ára – 30 ára	4-5-6-7-8-9-10-11	
Veteran B	30 ára og eldri	4-5-6-7-8-9-10-11	
Pör B	12 ára og eldri	4-5-6-7-8-9-10	<u>1 karl og 1 kona</u>
Hópar B	12 ára og eldri	4-5-6-7-8-9-10	<u>Þrír karlar eða þrjár konur</u>

KUP Categories
C flokkur 10. – 5. kup

Flokkur	Aldur	Form	Kyn
Cadet C	12 – 14 ára	Sjá að neðan	Karla- og kvennaflokkar
Junior C	15 – 17 ára	Sjá að neðan	
Senior C	18 ára og eldri	Sjá að neðan	

Keppandi skal gera 2 form, má velja 2 form niður fyrir sig og 2 upp fyrir sig. M.ö.o., keppandi með t.d. 7 keup má velja um 2 form úr taeguk 1,2,3,4 eða 5. Ekki má gera sama formið tvisvar í sömu umferð.

Ekki er því dregið um form í C flokki.

Beltagráða keppanda	Form
10	1 – Il Jang
9	1 – Il Jang
8	2 – Yi Jang
7	3 – Sam Jang
6	4 – Sah Jang
5	5 – Oh Jang

Starfsfólk

Starfsfólk frá félögum:

TKÍ mun úthluta starfsgildum á mótinu eftir fjölda þátttakenda frá hverju félagi. Gert er ráð fyrir 1 keppnisgólfi með 5 dómurum og einu ritaraborði.